

Skógarvinnsla á Suðurlandi

Greiningarskýrsla

nóvember 2017

Ingvar P. Guðbjörnsson
verkefnisstjóri

Efnisyfirlit	
Inngangur	3
Núverandi staða	4
Fyrirtækið	5
Heiti	5
Stofnendur	5
Hluthafar	5
Rekstrarform	5
Staðsetning og húsnæði	5
Stjórnskipulag	5
Stefna	6
Framtíðarsýn	6
Viðarmagn	7
Magn grisjunarviðs	7
Spá um magn næstu ára	7
Framleiðsluvörur	8
Kurl	8
Undirburður	8
Frekari úrvinnsluþættir	9
Smíðaviður	9
Eldiviður	9
Girðingastaurar	9
Kurl í stíga, beð og reiðhallir	9
Viðarköggjar	10
Nýsköpun og lífhagkerfið	10
Aðrar skógarnytjar	10
Tækjabúnaður til framleiðslu	10
Markaðsumhverfið	11
Einkenni markaðarins	11
Velta markaðarins	11
Samkeppni	12
Innlend samkeppni	12
Erlend samkeppni	12
Greiningar	13
SVOT	13

Markaðsstefna.....	14
Dreifing.....	14
Kynning.....	14
Verð og verðstefna.....	14
Rekstraráætlun.....	15
Forsendur rekstraráætlunar.....	15
Hráefni.....	15
Verð á rúmmeter.....	16
Tekjur.....	17
Kostnaðarliðir.....	18
Rannsóknir og þróun.....	18
Söluáætlun.....	18
Greiðslur til skógarbænda.....	19
Kostnaðaráætlun.....	19
Rekstrarreikningur.....	19
Yfirlit yfir sjóðsstreymi.....	19
Fjárförf.....	19
Niðurstöður og lokaorð.....	21

Inngangur

Um langt árabil hafa sunnlenskir skógarbændur unnið að ræktun nytjaskóga með það að markmiði að hafa af þeim tekjur og byggja upp arðbæra búgrein. Fram til dagsins í dag hafa tekjuleiðir verið fáar og fyrst nú sem skógareigendur hafa átt vonir til að úr rætist.

Félag skógareigenda á Suðurlandi fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands, gegnum Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, upp á 6 milljónir króna á árinu 2017 til að kanna forsendur fyrir því að setja á fót fyrirtæki til að vinna skógarafurðir og koma í verð.

Félagið réði til sín Ingvar P. Guðbjörnsson sem verkefnisstjóra og hóf hann störf í apríl 2017. Skýrsla sú sem hér er sett fram sem lokaskýrsla í nóvember 2017 byggir á úttekt Ingvars ásamt meðfylgjandi rekstraráætlun.

Skýrslan og rekstraráætlunin hafa verið rýnd sérstaklega af starfsmönnum Samtaka sunnlenska sveitarfélaga og einnig hefur stjórn Félags skógareigenda á Suðurlandi yfirfarið bæði skjöl.

Núverandi staða

121¹ lögbýli eru í dag með gildandi skógræktarsamninga við Skógræktina auk skjólbeltajarða á Suðurlandi sem eru 137 talsins. Í reynd eru þeir þó mun fleiri því í langflestum tilvikum standa hjón og jafnvel heilu fjölskyldurnar að baki hverri skráningu. Stærð samningsbundinna skógræktarsvæða Suðurlandsskóga eru 10.081 hektarar og samtals voru 12.843.980 plöntur verið settar niður á umræddum jörðum á árunum 1997-2016².

Skv. viðarmagnsspá sem Skógræktin gaf úr árið 2012 hafa safnast upp um 18.000 rúmmetrar af grisjunarviði í sunnlenskum skógum sem nauðsyn er að grisja. Á næstu árum bætast 3-4.000 rúmmetrar árlega. Þeir skógarbændur sem hófu trjárækt á níunda áratug síðustu aldar og eru komnir lengst bíða með 1-200 hektara af skógi hver sem nauðsynlegt er að grisja, ekki síst vegna lífvænleika skóganna.

Á hverju ári héðan í frá bætast við nýjar jarðir sem nauðsynlegt er að hefja grisjun á. Til viðbótar við skógarbændur eru fleiri hundruð hektarar af skógum á Suðurlandi í eigu skógræktarfélaganna, Skógræktarinnar og einkaaðila og mikið af þeim eru komnir í verulega þörf fyrir grisjun.

Í dag eru einungis tveir markvissir farvegir fyrir íslenskar skógarafurðir á SV-horninu. Annars vegar eldiviður sem selst að mestu í sumarbústaði og pítsastaði. Hins vegar fara um 1-2.000 tonn á ári til ELKEM á Grundartanga í gegnum Skógræktina. Það annar þó hvergi nærri þörfinni á grisjun.

Eitt fyrirtæki, Fura í Hafnarfirði, sem er starfandi á SV-horninu vinnur undirburð undir búfénað, en einungis úr tilfallandi hreinu timbri sem fellur til á gámastöðum og nýtir því ekki tilfallandi grisjunarvið úr skógrækt. Annað er starfandi á NA-horninu, Fellsskógur ehf.³ og vinnur bæði eldivið og undirburð. Það þriðja er svo á A-landi, Skógarafurðir ehf.⁴ á Héraði og framleiðir pallaefni, veggklæðningar, gólfefni, eldivið, undirburð o.fl.

Fengur í Hveragerði og Skógarvinnslan í Reykjavík hafa hætt starfsemi. Nokkrir fleiri aðilar selja undirburð, en hann er þá að jafnaði sem hliðarafurð frá trévinnslu, þeirra á meðal Límtré-Vírnet hf.⁵ á Flúðum. Af þeim aðilum sem í dag framleiða undirburð eru einungis Fellsskógur ehf. og Skógarafurðir ehf. sem nýtir beint íslenska skóga, eftir því sem næst er komist.

¹ Þegar skýrslunni er skilað í lok nóvember 2017.

² Inni í þessum tölum er Austur-Skaftafellssýsla sem færðist 2016 undir austuramt Skógræktarinnar. Þar eru 10 samningsaðilar á 622 hekturum.

³ <http://undirburdur.is/vorur.html>

⁴ <http://www.skogarafurdir.is/vorur>

⁵ <http://limtrevirnet.is/voruskra/spaenir/sponabaggar/>

Fyrirtækið

Heiti

Hugmynd er uppi um að kaupa og nota nafnið Skógarvinnslan ehf.⁶

Stofnendur

Stofnendur félagsins verða félagsmenn í Félagi skógareigenda á Suðurlandi, sem skrá sig fyrir hlutafé á stofnfundi félagsins. Auk þeirra verður öðrum aðilum boðið að taka þátt í stofnun félagsins, svo framarlega sem starfsemi þeirra eða hagsmunir samræmist markmiðum félagsins.

Hluthafar

Hluthafar verða skógareigendur á Suðurlandi og fyrirtæki sem beint eða óbeint hafa hag af stofnun félagsins. Félagasamtökum á borð við skógræktarfélag á Suðurlandi verður gefinn kostur á að gerast hluthafar og jafnframt einstaklingum sem velviljaðir eru starfseminni.

Áætlað er að stofnhlutafé verði 100.000.000 kr. á árinu 2018. Þá verði hlutafé aukið um 60.000.000 kr. árið 2021, um 40.000.000 kr. árið 2025 og verði þá orðið 200.000.000 kr. Er þetta hugsað m.a. fyrir þá skógareigendur sem á síðari tímum komast á það stig að þurfa að grisja sína skóga með markvissum hætti, eftir því sem þeir vaxa, og gefst þannig kostur á að taka fullan þátt í starfi félagsins. Hlutafjárútkning er einnig miðuð við þann tíma sem gert er ráð fyrir að félagið fjárfesti í húsnæði⁷ og þörf yrði á auknu fjármagni. Einnig er þetta hugsað fyrir stofnhluthafa til að geta aukið hlut sinn í félaginu á síðari stigum.

Rekstrarform

Einkahlutafélag

Staðsetning og húsnæði

Staðsetning verksmiðju getur verið hvar sem er á Suðurlandi.⁸ Miðað er við að þegar flutningsleið er orðin lengri en 100 km. fari að draga úr hagkvæmni, nema viðurinn sé þeim mun verðmætari. M.v. það er ljóst að allt Suðurland er undir þegar val á staðsetningu fer fram. Ekki er gerð tillaga um staðsetningu, enda praktískt atriði sem rétt er að taka ákvörðun um á síðari stigum.

Reiknað er með að félagið leigi húsnæði undir starfseminu í fyrstu á meðan verið er að átta sig endanlega á stærðarþörfinni. Vel er hugsanlegt að slík ráðstöfun sé rétt til enn lengri tíma, en þó er gert ráð fyrir því í fjárfestingaáætlun að félagið eignist eigið húsnæði á síðari stigum þá alls óvíst sé að sú verði raunin.

Stjórnskipulag

Þriggja manna stjórn, kjörin á aðalfundi ár hvert.

⁶ Verkefnisstjórn sem tók við verkefninu eftir skil skýrslunnar hyggst nota annað nafn.

⁷ Nú er verið að skoða aðrar leiðir en að fjárfesta, m.a. þá leið að eigendur húsnæðis leggi leigufnot eða húsnæðið sjálf inn sem hlutafé.

⁸ Nú er verið að skoða Reykholt í Biskupstungum.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem stýrir daglegum rekstri. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk í samræmi við þarfir og rekstraráætlun hverju sinni.

Stefna

Stefna félagsins er tryggja sunnlenskum skógareigendum farveg fyrir afurðir sínar. Það hyggst félagið gera með því að koma upp vinnslu á skógarafurðum úr sunnlenskum skógum og á öðrum tilfallandi hreinum og vinnanlegum viði sem til fellur á Suðurlandi.


Framtíðarsýn

Að verða stöndugt fyrirtæki á Suðurlandi sem hvort tveggja í sinn skapar atvinnu og arð fyrir eigendur sína. Félagið vill vinna á sjálfbærum grunni, framleiða hágæða afurðir, m.a. byggingar- og klæðingarefni, undirburð fyrir búfénað, kurl í stíga, beð og reiðskemmur, arinkubba og taka þátt í nýsköpun með skógarafurðir. Þannig hyggst félagið hámarka arðsemi sína og vera í fararbroddi á Íslandi í nýtingu skógarafurða.

Þá hyggst félagið taka virkan þátt í lífhagkerfinu, en þar eru að gerast margir mjög áhugaverðir hlutir á sviði nýsköpunar sem munu gera að verkum að hráefni sem flokkast í dag sem „síðra“ hráefni getur orðið mjög verðmætt í náinni framtíð. Því hyggst félagið taka virkan þátt í þessari þróun og fylgjast náið með því sem er að gerast á þessu sviði í nágrannalöndum með samstarfi í formi klasa eða með beinum hætti við rannsóknarstofnanir og háskóla, héraendis og erlendis.

Viðarmagn

Magn grisjunarviðs



Um 18.000 tonn⁹ af grisjunarviði eru uppsöfnuð í sunnlenskum skógum á árinu 2017 og á bilinu 3-4 þúsund¹⁰ tonn falla til árlega næstu árin. Þá er einungis miðað við skóga sem Skógræktin gerir úttektir ár.

Heimild: Skógræktin


Þessum tölum, ekki grisjunarviður úr görðum og sumarhúsaloðum á Suðurlandi, né heldur það sem fellur til á skógarsvæðum sveitarfélaga. Þar er samanlagt um að ræða talsvert magn.

Þá er hér ótalið allt það magn sem fellur til á gámasstöðvum sveitarfélaga, en á árinu 2016 eru það áætluð um 1.000 tonn af hreinum við og fer vaxandi.

Smærri skógar eru ekki inni í

Spá um magn næstu ára

Meðfylgjandi mynd sýnir áætlaða notkun grisjunarviðar á næstu árum, en í heildina eru um 68.000 tonn til taks með grisjunum í Sunnlenskum skógum á tímabilinu. Í upphafi er uppsafnað verulegt magn en ekki er raunhæft að ná að vinna það allt á einu



til tveimur árum svo því er skipt út á tímabilið þannig að það takist á endanum að ná jafnvægi. Gögnin byggja á áætlun Skógræktarinnar frá árinu 2012.

⁹ Hér á eftir að taka tillit til þess litla magns sem þegar hefur verið grisjað á síðustu fimm árum.

¹⁰ Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni frá árinu 2012 (Spá til ársins 2030).

Framleiðsluvörur

Kurli

Íslensk stóriðja (ELKEM og United Silicon) nýtir tugþúsundir tonna af kurli ár hvert við framleiðslu sína. Skógræktin er með samning við ELKEM um afsetningu u.þ.b. 1.000 tonna¹¹ á árinu 2017 sem er um 1/40 hluti¹² af því magni sem ELKEM nýtir. Restina flytur fyrirtækið inn sjálf. United Silicon flytur allt brennsluefni inn sjálf frá Kanada¹³.

Markmiðið er að semja við annan eða báða þessa aðila um afsetningu á efni sem ekki er nýtanlegt í aðra vinnslu í form kurls. Skv. lauslegri athugun er virði á tonni af kurli/kurlefni um 11.000 ISK¹⁴ (m.v. skráð gengi vorið 2017). Skv. munnlegum upplýsingum frá Skógræktinni kostar um 8-9 þúsund krónur að grisja tonn úr skógi (Björn Bjarndal Jónsson, 2017). Það er því enn nokkuð í land með að þessi hluti framleiðslunnar borgi sig og er lagt upp með það í rekstraráætlun að þetta efni safnist upp fyrstu árin, en verði svo selt allt í einu þegar markaður opnast og/eða verð verða ásættanleg.

Undirburður

Mikið magn af undirburði er nýtt á Íslandi ár hvert. Skv. könnun sem Félag skógareigenda á Suðurlandi lagði fyrir hrossaeigendur og kúabændur er um 30% af undirburði framleiddur hér á landi, en um 70% er innfluttur¹⁵. Hér liggja töluverð sóknarfæri fyrir íslenska skógareigendur. Skv. lauslegri athugun er söluverð eins tonns af undirburði beint frá framleiðanda á bilinu 60-120 þúsund ISK á markaði (Ingvar P. Guðbjörnsson, 2017). Framleiðslan er ekki flókin og þekking er til staðar í landinu. Nokkrir aðilar eru í dag er að framleiða undirburð í smásölu, Fura hf. í Hafnarfirði undir vörumerkinu „Furuflís“, Fellsskógur ehf. sem framleiðir hitameðhöndlað sag og Límtré-Vírnet hf. sem framleiðir spænir. Þá framleiðir Skógarafurðir ehf. undirburð í kögglum. Nokkrir aðrir aðilar framleiða undirburð, en þá sem hliðarafurð eða í smáaum stíl, m.a. einn aðili við Þistilfjörð sem framleiðir undirburð úr rekaviði.

Hráefnið í Furuflís er skv. heimildum allt tilkomið úr brettum og öðrum hreinum viði sem fellur til á gámasvæðum sveitarfélaga. Efnið er allt kurlað niður mjög smátt, en ekki nýttur heflaður viður af íslenskum trjám. Mikil framleiðslugeta er hjá þeim og tækin nýleg. Fellsskógur ehf. vinnur sag úr greni, lerki og furu eins og sjá má á heimasíðu þeirra og er sagið allt sótthreinsað með hitun.¹⁶ Skógarafurðir ehf. notast við lerki í sinn undirburð. Undirburður Límtrés-Vírnets hf. er hliðarafurð frá þeirra trévinnslu.

Skógarvinnslan ehf. í Reykjavík blandaði saman í sinni framleiðslu hefluðum viði úr trjábolum og kurli, sambærilegu því sem Fura vinnur, og gaf það efni góða raun og naut nokkurra vinsælda. Til að nýta efni úr sunnlenskum skógum sem best ásamt því efni sem fellur til hjá sveitarfélögum er lagt til að hafin verði framleiðsla á sambærilegri vöru.

¹¹ Samkvæmt munnlegum heimildum.

¹² Samkvæmt munnlegum heimildum.

¹³ Munnleg heimild. Reksturinn er þó ekki í gangi eins og er, en áform um að hefja hann að nýju árið 2020.

¹⁴ Samkvæmt munnlegum heimildum.

¹⁵ Sjá viðauka D og E.

¹⁶ <http://undirburdur.is/vorur.html>

Lagt er upp með að fyrirtækið hefji framleiðslu á undirburði um leið og það tekur til starfa og að sú verksmiðja verði keyrð á fullum afköstum 5-6 daga vikunnar allt árið um kring. Á sumrin og fram á haust safni fyrirtækið upp lager, en um leið og hross verða tekin á hús að hausti er lagt upp með að gangi á lagerinn og að hann klárist allur fljótlega eftir áramót – enda ljóst m.v. hlutfall innanlandsframleiðslu og innflutnings að verksmiðjan mun aldrei ná að anna þeim hluta sem innfluttur er, jafnvel þó hún væri keyrð á fullum afköstum allt árið. Þessi hluti framleiðslunnar mun verða hryggjarstykkið í framleiðslunni fyrst um sinn.

Frekari úrvinnsluiðnaður

Smíðaviður

Nú þegar er farið að nýta íslenskan við í klæðningu á húsum og eitt hús hefur nú þegar verið byggt alfarið úr ösp í Vallarnesi á Fljótsdalshéraði. Þá er hafin framleiðsla héraðs á gólfefni, panil og fleiri vörum.

Félagið hyggst halda áfram þróun á vinnslu hágæða byggingarefnis, en til að byrja með yrði slíkt í smáum stíl og er ekki lagt upp með framleiða inn á stóran lager. Hér er mikilvægt að greina betur tækifærin og vinna síðan markvisst að vöruþróun. Þá þarf að gera sér betur grein fyrir því hvaða viðartegundir henta best í hvað.

Þar sem fleiri íslensk fyrirtæki eru að stíga inn á þennan markað er mikilvægt að félagið skapi sér sérstöðu, en forðist að ráðast strax í að framleiða sömu vörur og aðrir.

Eldiviður

Eldiviður er mjög vinsæll og þeir sem framleiða hann hafa vart undan auk þess sem góð verð eru á markaði í dag. Vilji stendur til að komast inn á þann markað og bjóða upp á hágæða vöru á samkeppnishæfum verðum við aðra.

Girðingastaurar

Vilji er til að vinna girðingarstaura fljótlega eftir að félagið tekur til starfa og lagt upp með að keypt verði sérstök vél til að vinna þá strax á öðru rekstrarári. Skoða þarf sérstaklega hvaða trjátegundir henta í girðingastaura og einnig hvar þeir væru nýttir, en nokkur munur virðist vera á staurum úr lerki og staurum úr sitkagreni þegar kemur að hrossagirðingum.

Þannig virðast staurar úr lerki mun betri, þar sem hross naga þá síður og lerki fúnar síður en aðrar íslenskar tegundir. En gallinn er sá að lítið er um lerki á Suðurlandi, en mun meira af greni. E.t.v. er hægt að markaðssetja girðingastaura úr greni með þeim varúðarorðum að þeir henti illa í hrossahögum og stóla þá frekar á túngirðingar eða girðingar þar sem hross eru ekki til staðar. Líklegt er að markaðurinn taki vel við innlendum staurum, enda ættu þeir vonandi að standast verðsamkeppni.

Kurl í stíga, beð og reiðhallir

Kurl í göngustíga, reiðstíga, trjábeð og reiðhallir er framleiðsluvara sem áhugi er á að skoða vel. Erfitt er að áætla hversu mikið hlutfall hráefnis gæti selst í þessum vörum, en takist vel til er markaðurinn nokkuð stór og fjölmargir einkaaðilar og opinberir aðilar sem geta nýtt efnið í göngustíga og reiðstíga, auk þess sem kurl í trjábeð nýtur vaxandi vinsælda. Þá má vel hugsa sér að nota kurl að einhverju leyti í gólf í reiðhöllum. Hér nýtist mjög vel efni sem annars færi í brennslu hjá ELKEM og væntanlega á betri einingarverðum en fengist þar.

Viðarkögglar

Viðarkögglar (e. pellets) voru framleiddir hjá Feng í Hveragerði, en þeirri starfsemi er nú hætt. Í dag framleiða Skógarafurðir ehf. viðarkögglar í smáum stíl, en ekki er vitað um aðra aðila. Eitthvað er um slíkan innflutning og nýtist hann bæði sem undirburður undir búfenað en einnig sem orka í upphitun húsa – ekki síst á þeim svæðum þar sem hvorki er aðgangur að sjálfbærri raforku né heitu vatni. Ekki er lagt til að ráðast í framleiðslu sem þessa í núverandi rekstraráætlun – en vel má skoða það þegar reynsla kemst á reksturinn og þá gæti hér jafnvel verið um útflutningsvöru að ræða.

Nýsköpun og lífhagkerfið

Vilji stendur einnig til að komast í samstarf við háskóla og aðra stóra viðurkennda aðila á sviði nýsköpunar, rannsókna og þróunar þar sem efni úr sunnlenskum skógum gæti leikið lykilhlutverk í lífhagkerfinu.

Í framtíðinni er vonin sú að einhverskonar vinnsla byggð á nýsköpun og sjálfbærni innan lífhagkerfisins gæti komið í stað einhvers hluta framleiðslu á kurli til brennslu. Með því væru hámarksverð tryggð á hverjum tíma og einnig enn umhverfisvænni nýting. Hér er ekki síst mikilvægt að skoða vel hvað m.a. Finnar eru að gera á þessu sviði – en þar í landi er mikil áhersla lögð á þennan þátt sem og í Svíþjóð.

Aðrar skógarnytjar

Án þess að það sé lagt upp með að félagið fari í slíkan rekstur er vert að minnast á nokkra aðra tekjumöguleika úr íslenskum skógum. Nú þegar er unnið ýmiskonar handverk úr íslenskum trjám og án efa sóknarfæri þar sem skógarbændur gætu nýtt sér, sjálfir eða í samstarfi við listamenn. Þá væri áhugavert að kanna með framleiðslu á viðarkolum.

Skoðunarferðir um skóga gætu auk þess án efa orðið ágæt viðbót við íslenska ferðaþjónustu. Þar með talið sveppatýnsluferðir og ýmis annarskonar upplifun í skógunum sem skógarbændur gætu í auknum mæli boðið upp á. Fleiri bændur gætu hafið jólatrjáræktun og selt þau sjálfur beint, ýmist með því að koma trjám á markað eða bjóða almenningi að koma og höggva sér tré líkt og þegar þekkist víða hjá t.a.m. skógræktarfélagum. Hér virðist einkum henta best að rækta jólatrén í skjóli skógarins. Í þessu sambandi má benda á kvæmisrannsóknir Skógræktarinnar með Fjallaþin sem lofar góðu. Verkefnisstjóri hefur auk þess, í heimsóknnum sínum til skógarbænda, smakkað dýrindis te úr íslenskum skógi og úrvals hunang.

Tækjabúnaður til framleiðslu

Búið er að skoða tækjabúnað hjá Skógarvinnslunni ehf. og hjá Feng ehf. og á báðum stöðum hefur félaginu staðið til boða að kaupa búnað. Búnaður Skógarvinnslunnar ehf. bauðst á góðu verði og var í ágætu ásigkomulagi skv. ástandsskoðun í apríl 2017. Eitthvað af búnaði yrði að kaupa annarsstaðar frá, s.s. kurlara, lyftara, sagir o.fl.¹⁷

Í rekstraráætlun er áætlun um fjárfestingar í tækjum. Þannig eru áætlaðar 610 milljónir króna í fjárfestingar í tækjum og húsnæði á árunum 2018-2030, þar af 275 milljónir króna í húsnæði og 40 milljónir króna í bifreiðar til flutnings á hráefni og vörum. Hvort tveggja þyrfti að meta

¹⁷ Verkefnisstjórn hefur ákveðið að flytja inn framleiðslutæki og er það í skoðun (vor 2018).


sérstaklega hvort henti betur að kaupa þjónustu og leigja húsnæði eða að félagið sjálft eigi og reki bifreiðar og húsnæði. En talið var rétt að áætla fyrir þessu fyrst um sinn.

Markaðsumhverfið

Einkenni markaðarins

Ísland er örmarkaður og einkennist af innfluttum vörum. Það virðist vera gott svigrúm fyrir aukna innanlandsframleiðslu þó svo að styrkur íslensku krónunnar sé hagstæður innflutningi þegar þessi skýrsla er unnin. Líklegt er að það breytist á einhverjum tímapunkti og mikilvægt að höfða til fólks út frá umhverfisvernd, sjálfbærni og kolefnisfótspori.

Velta markaðarins



Erfitt er að átta sig nákvæmlega á markaðnum og þegar tölur eru skoðaðar á vef Hagstofu Íslands birtast þær með aðeins mismunandi hætti.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem þar er að finna var heildarstærð trjá- og pappírsmarkaðar á

Heimild: Hagstofa Íslands

Íslandi árið 2016 rúmir 5,3 milljarðar króna og hefur markaðurinn farið hægt vaxandi á undanförunum árum. En þar undir er í raun allur markaðurinn og ljóst að skógarbændur á Suðurlandi eru aðeins að fara inn á örlítinn hluta þess markaðar.

Ef innflutningstölur árið 2016 eru skoðaðar má sjá að virði innflutts undirburðar nemur rúmum 109 milljónum króna, eða um 28.000 kr á tonnið og flutt voru inn rúm 3.877 tonn á síðasta ári af undirburði. Af eldiviði voru flutt inn 117 tonn og hvert tonn á 26.000 kr.

Annað viðarkurl, sem að öllum líkindum er nýtt til brennslu á Grundartanga, var flutt inn í töluverðu magni eða um 29 þúsund tonn og hvert tonn að andvirði rúmlega 8.500 kr.



Heimild: Hagstofa Íslands

Samkeppni

Innlend samkeppni

Innanlands eru nokkrir aðilar að selja innlendan spæni, en flestir eru með það sem hliðarafurð í byggðingariðnaði og selja þá tilfallandi sag og spæni, s.s. LímtréVírnet hf. á Flúðum. Aðal samkeppnisaðili innanlands er Fura ehf. í Hafnarfirði sem vinnur undirburð undir hross úr viðarafgöngum sem falla til á gámastöðvum undir nafninu Furufllís. Þá eru aðilar bæði á NA- og A-landi sem framleiða undirburð í einhverju magni, en ekki verður séð að þær afurðir séu að koma í miklu magni inn á Suðurland í endursölu og þeir kúabændur sem verkefnisstjóri hefur rætt við vissu t.a.m. ekki af því að hitameðhöndlað sag væri framleitt á Íslandi. Það bendir til þess að þær afurðir séu mest seldar á Norðurlandi. Áður voru Skógarvinnslan í Reykjavík og Fengur í Hveragerði að framleiða undirburð, en þeirri starfsemi hefur verið hætt. Innlendir aðilar eru í dag með um 30% markaðshlutdeild.¹⁸

Einhverjir aðilar eru að vinna klæðningarefni, pallaefni, gólfefni o.fl. Erfitt er að festa reiður á hve stór sá markaður er og svo virðist sem flestir þeirra aðila séu fyrst og fremst að taka að sér tilfallandi verkefni fremur en að framleiða inn á lager¹⁹.

Skógræktarfélag Reykjavíkur, Skógarafirðir ehf., Fellsskógur ehf., Skógræktin og fleiri aðilar eru að selja arinkubba í nokkru magni og þar yrði bein samkeppni. Töluverður innflutningur fer auk þess fram á arinkubbum og virðist m.v. innflutningstölur að markaðurinn sé vaxandi og fátt sem bendir til annars en að svo verði áfram.

Einhverjir aðilar eru að vinna girðingastaura og undirburð úr rekaviði og selja á markaði í dag.

Erlend samkeppni

Fjölmargir aðilar eru að flytja inn spæni og selja sem undirburð, bæði beint og eins í gegnum verslanir á borð við Fóðurlönduna, Lífland, KS, Baldvin og Þorvald, Vélfang o.fl. Þessir aðilar eru í dag með um 70% markaðshlutdeild.²⁰

Þá er nær allt klæðningarefni í dag innflutt og stærstur hluti af girðingastaurum einnig. Á síðasta ári voru tæplega 880 tonn af eldiviði flutt inn til landsins.²¹

¹⁸ Skv. könnun meðal hrossabænda og kúabænda sem framkvæmd var í apríl 2017.

¹⁹ Ekki hægt að fullyrða að enginn framleiði á lager, en þeir sem verkefnisstjóri hefur talað við eru mest að vinna við stök verkefni.

²⁰ Skv. könnun meðal hrossabænda og kúabænda sem framkvæmd var í apríl 2017.

²¹ Mögulegt er að einhver hluti af þessu séu trjátegundir sem ekki vaxa hér, t.d. eik.

Greiningar

SVOT

Styrkleikar

Reynsla skógarbænda af ræktun og mikill vöxtur á Suðurlandi í ákveðnum tegundum, mikið til af skógum nú þegar, velvilji viðskiptavina skv. könnunum.

Veikleikar

Lítill sem engin reynsla af skógarvinnslu, innviðir ekki til staðar, svæðið er stórt, ekki víst að alls staðar hafi verið hugsað nægilega vel fyrir grisjun þegar útplöntun og skipulagning átti sér stað, hluti af vörflokkum lítt þróaðir hérlendis, skortur á húsnæði.

Ógnanir

Innlend samkeppni í viðarspæni við innflutningsaðila og framleiðendur, krónan er sterk.

Tækifæri

Mikil tækifæri í þróun og markaðssetningu vörflokka sem eru innfluttir, hægt að auka á sjálfbærni víða og minnka kolefnisspor við flutning yfir Atlantshafið, mikil tækifæri fyrir skógarbændur með tekjur og eins fyrir nýja skógarbændur að hasla sér völl, tækifæri í nýsköpun, rannsóknum og þróun í samstarfi við háskóla og aðrar rannsóknarstofnanir. Tækifæri hjá þeim sem vilja íslenskar vörur frekar en innfluttar.

Markaðsstefna

Félagið stefnir fyrst og síðast á Íslandsmarkað. Undirburður verður framleiddur 5-6 daga vikunnar allt árið. Ætlunin er að bjóða upp á úrvals klæðningarefni á hús og annað byggingarefni. Eldiviður verður seldur allt árið um kring. Trjákurlesefni verður komið til kaupanda á haustin og veturna þegar grisjun á sér stað. Girðingastaurar verða framleiddir á lager yfir veturinn, en efnið verður flokkað þegar grisjun á sér stað.

Dreifing

Sala á undirburði fer mest fram beint gegnum skrifstofu fyrirtækisins. Lögð verður áhersla á að selja undirburð til hestamanna á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Samið verður við verslanir um að taka undirburð í endursölu og einnig annað byggingarefni sem framleitt verður staðlað jafnt og þétt. Sérpantanir á klæðningarefni fara fram beint gegnum skrifstofu. Lagt er upp með að gera samning við stóriðjufyrirtækin um kurl til brennslu og afhenda það reglulega til kaupanda þegar grisjun á sér stað. Aðrar vörur, s.s. girðingastaurar verða seldar gegnum endursöluaðila eða beint eftir því sem við á.

Kynning

Félagið mun koma upp heimasíðu þegar starfsemin fer af stað og kynna þar vörur sínar. Félagið hyggst nýta Bændablaðið og aðra viðurkennda miðla sem dreift er um allt land til að auglýsa vörur sínar, en jafnframt verða vefmiðlar og samfélagsmiðlar sem og markpóstur nýttir. Kaupendur eru oftast í fremur afmörkuðum hópum og því er aðgengi að þeim nokkuð gott, m.a. gegnum Landsamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda, Bændasamtök Íslands o.fl.

Verð og verðstefna

Félagið hyggst vera samkeppnishæft í verðum, en gæta þó ávallt að því að verð standi undir sér og skili arði hverju sinni. Lagt verður upp með að liggja með sem minnstan lager til að lækka tilkostnað og hámarka arðsemi á hverjum tíma, en með því má halda verðum niðri. Með lítilli yfirbyggingu og hóflegum vexti standa vonir til að verð á hverjum tíma standist samkeppni við þær vörur sem þegar eru á markaði í dag.

Rekstraráætlun

Forsendur rekstraráætlunar

Eftirfarandi atriði eru til grundvallar í rekstraráætlun sem fylgir með í excel skjali í viðhengi A.

Hráefni

Upplýsingar um grisjunarvið byggir á upplýsingum frá Skógræktinni. Á tímabilinu sem áætlunin tekur til er heildarmagn grisjunarviðar 68 þúsund tonn skv. spá Skógræktarinnar og nú á næsta ári er uppsafnað magn frá því að áætlunin var gefin út árið 2013 um 18.000 tonn. Árlega næstu árin bætast við á bilinu 3-4 þúsund tonn. Hinu uppsafnaða magni er þannig dreift út á næstu ár og bætt við því magni sem árlega fellur til. Þannig er ætlunin að vinna niður uppsafnað magn á raunhæfan hátt.

Upplýsingar um hreinan við á gámasvæðum byggjast á samtölum við sveitarstjóra á Suðurlandi og Stefán Gíslason, umhverfisfræðing, sem unnið hefur úttekt á sorpmálum á Suðurlandi. Árleg aukning sem gert er ráð fyrir er tilkomin vegna þess að sorpmagn hefur verið að aukast ár frá ári, en auk þess telja sveitarstjórar og Stefán Gíslason að raunhæft sé að gera enn betur í flokkun á gámasvæðum frá því sem nú er gert og þannig verði til aukið nýtanlegt magn.

Með þessari aðferð er talið raunhæft að byrja á að vinna um 5 þúsund rúmmetra á ári og í lok tímabilsins sem spáin nær til verði árlegur vinnanlegur viður kominn upp í 8.300 rúmmetra.

Vinnanlegu magni er skipt niður á framleiðsluvörur út frá eftirfarandi forsendum:

Talið er að sú vinnslulína sem Skógarvinnslan ehf. rak geti unnið um 2-3 þúsund rúmmetra á ári, en í áætluninni er einnig gert ráð fyrir að gerðar verði umbætur á þeim búnaði reglulega á tímabilinu og að þannig megi auka framleiðslugetuna.²² Í byrjun er farið hóflega af stað. Gert ráð fyrir að allur hreinn viður sem fellur til á gámasvæðum nýtist beint og að við bætist um 30% af þeim viði sem fellur til við grisjun. Óraunhæft má telja að hægt verði að keyra verksmiðjueininguna á fullum afköstum í byrjun, m.a. vegna þess að nauðsynlegt er að markaðssetja vöruna og þjálfra mannskap. Þess vegna er byrjað í 2.200 rúmmetrum á ári og síðan aukið við jafnt og þétt næstu árin í samræmi við aukningu í tilfallandi hráefni. Líklegt má telja að þessar tölur geti orðið hærri í reynd þar sem þessi framleiðsluvara gefur mestar og hraðastar rekstrartekjur.

Kurl í reiðstíga, beð og reiðhallir er áætlað um 3% af tilfallandi grisjunarvið. Sú tala er áætluð og þar reynt að setja fram raunhæf markmið. Þessi tala getur bæði hækkað og lækkað – en því hærri sem þessi tala er því minna fer í brennslu og því er mikilvægt markmið að sem mest seljist af þessari vöru og að vel takist við markaðssetningu hennar.

Girðingastaurar eru áætlaðir um 3% af tilfallandi grisjunarvið. Sú tala er áætluð og þar reynt að setja fram raunhæf markmið.

Klæðingarefni á hús er áætlað um 2,5% af tilfallandi grisjunarvið í byrjun en síðan lagt upp með að hlutfallið aukist í 5% í lok tímabilsins. Hér er algjörlega byggt á áætlun og reynt að setja fram raunhæf markmið. Hér gæti brugðið til beggja átta og framleiðslan orðið lítil sem engin eða mun meiri – en slíkt verður að koma í ljós. Vitneskja um þennan lið byggir m.a. á samtölum við

²² Afkastageta verður meiri því ákveðið hefur verið að kaupa nýrri og afkastameiri tæki erlendis frá.

Böðvar Guðmundsson hjá Skógræktarfélagi Árnesinga, Guðmund Magnússon, trésmiðameistara, á Flúðum og Bjarka Þór Jónsson hjá Skógarafurðum ehf. Skógræktarfélag Árnesinga er nú þegar að framleiða klæðningarborð úr hinum ýmsu viðartegundum og Guðmundur framleiðir skásneiddar flögur sem notaðar eru til klæðningar á hús, einkum þó úr lerki sem ekki er mikið til af á Suðurlandi. Bjarki Þór Jónsson hjá Skógarafurðum ehf. framleiðir panil og annað klæðningarefni í dag og á m.a. hluta af klæðningu á Veröld, húsi frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

Það færirst stöðugt í vöxt að fólk klæði hús sín með íslenskum viði og það er tilfinning skýrsluhöfundar að það muni einungis aukast á komandi árum. Hluti af þeirri aukningu er að framboð og aðgengi að klæðingarvið aukist.

Eldiviður er áætlaður um 5% af tilfallandi grisjunarvið. Sú tala er áætluð og þar reynt að setja fram raunhæf markmið. Vitað er af samtölum við aðila að mikil eftirspurn er á markaði eftir þessari vöru og að vart hafist undan að framleiða hana. Allt sem til fellur selst og nú þegar eru starfsmenn í vinnu allt árið við að höggva og framleiða eldivið, m.a. inn á flatbökustaði.

Kurl í járnbendi er afgangsstærð í áætluninni og hlutfallið þar verður í byrjun 56,5% en lækkar svo niður í 54% eftir því sem hlutfall klæðingaviðar eykst. Markmiðið er þetta hlutfall verði sem minnst – ekki síst þar sem ekki er hægt að losna við þessa afurð á markað í augnablikinu og ekki útséð með að það muni breytast á allra næstu árum. Ef félagið ákveður að hefja viðakögglaframleiðslu gæti þetta hlutfall farið enn neðar. Þá er lagt upp með að reynt verði að gera samninga við kísilverksmiðjur á landinu til að afsetja þessar afurðir, m.a. United Silicon í Helguvík, en tvær aðrar slíkar verksmiðjur eru áætlaðar á SV-horninu, Thorsil í Helguvík og Silicon Materials á Grundartanga.

Verð á rúmmeter

Verð ræðst alltaf af framboði og eftirspurn. Þess vegna er erfitt að áætla nákvæmlega verð fyrir afurðir.

Verð á undirburði sem notast er við í áætluninni er fundið út eftir samtöl við aðila þar sem leitast var við að kanna verð á sambærilegum afurðum innanlands. Einnig var aflað upplýsinga á netinu um verð þar sem það var að finna. Töluvert bar í milli og virðist sem algengt sé að hægt sé að fá tonnið afgreitt beint inn í hesthús án milliliða á höfuðborgarsvæðinu á um 60.000 kr./tonnið m.vsk. en tonnið í lausasölu hjá aðila sem framleiðir og selur á netinu²³ er um 120.000 kr. m.vsk. Tonnið hjá Límtré-Vírneti hf. er um 80.000 kr. án vsk²⁴. Farin er farfærin leið við að áætla verð í þessari áætlun og því gert ráð fyrir að í heildsölu megi selja tonnið á 40.000 kr. án vsk. En síðan gert ráð fyrir 2% hækkun á ári eftir það. Það sem ekki síst ræður því að farin er þessi varfærna leið er samkeppni á SV-horninu – en einnig er áætlað að mest verði um magnsölu að ræða inn á tamningastöðvar á Suðurlandi og þar með er óraunhæft að reikna með hámarksverði.

Verð á tonni af framleiddum girðingastaurum er fundið út með því að áætla fjölda staura út úr hverju tonni og margfalda með því verði sem gengur og gerist á markaði. Gengið er út frá því

²³ <http://undirburdur.is/vorur.html>

²⁴ <http://limtrevirnet.is/voruskra/spaenir/sponabaggar/>

að við hvern yddaðan staur falli til álíka mikið hrat (sem þó nýtist í aðrar framleiðsluvörur s.s. kurl). Áætlað er að úr hverjum rúmmeter komi um 80 staurar og úr 120 rúmmetrum á ári komi þá ca 10.000 staurar. Hver staur seljist á 200 kr. og þessi framleiðsluvara gefur því ca 17.000 kr. á rúmmeter eða um 2 milljónir á ári.

Verð á klæðningarefni er áætlað. Skv. samtali sem verkefnisstjóri átti við aðila á markaði er viðkomandi að fá um 200.000 ISK á rúmmeter af efni í hæsta gæðaflokki. Til að gæta varfærni er áætlað að fá megi 150.000 ISK á rúmmeter í áætluninni. Ljóst er að í þessa vöru fara sverustu og bestu bolirnir og þá jafnframt þeir verðmætustu. Ekki liggur fyrir hve mikið af vinnanlegu efni í þennan vöruflokk fellur til, né hver mikil eftirspurn verður eða hvað raunhæft er að áætla í framleiðslukostnað pr. tonn. Farin er því farfærin leið. Áætlað um 2,5-5% af framleiðslunni yfir tímabilið. Þegar þessi framleiðsla fer af stað betur liggur fyrir hvernig þessi framleiðsla getur þróast. Því setur verkefnisstjóri fyrirvara við þennan lið.


Verð á eldiviði er áætlað. Miðað við verð hjá Hópkaup á íslenskum eldiviði kostar tonnið í lausasölu um 140 þúsund krónur án vsk. Leitað var upplýsinga á netinu víðar og virðist sem þetta verð sé raunhæft en á Eyjafjarðarsvæðinu er ca 10 kg poki að seljast á 1.440 kr. m.vsk eða tonnið því á 115.000 án vsk. Gengið er út frá því að miða við frekar við verð Hópkaupa þar sem það er nær markaðssvæðinu. Farið er varlega við áætlun og talið rétt að miða við 40% af útsöluverði Hópkaupa eða 70.000 kr.

Verð á kurl í stíga, beð og reiðhallir er áætlað og reynt að vara varlega þar. Varan yrði seld í stórsekkjum og því ekki um mikinn virðisauka að ræða. 15.000 kr. er talið varlega áætlað og frekar líklegt að betri verð fáið í reynd.

Ekki er um að ræða neina sölu næstu ár á kurl í járnblendi – en eftir því sem verkefnisstjóri kemst næst er raunhæft að leggja upp úr því að fá 14-15 þúsund krónur á tonnið þegar sala hefst og gerir áætlunin ráð fyrir að það verði í fyrsta lagi á árinu 2021.

Tekjur

Miðað við ofangreindar forsendur má gera ráð fyrir að heildartekjur á fyrsta rekstrarári geti orðið tæpar 128 milljónir króna. Hér verður þó að setja þann fyrirvara að félagið hefur ekki verið stofnað og að ólíklegt er að framleiðsla hefjist fyrr en þegar eitthvað verður liðið á árið.²⁵



²⁵ Þegar skýrslan er yfirfarin í síðasta sinn áður en hún er send til SASS í apríl 2018 er enn ekki búið að stofna félagið.

Þá er rétt að ítreka fyrirvara við klæðingarefni, en áætlunin gerir ráð fyrir 15.000.000 ISK í tekjur af þeirri vöru. Óvíst er að það hafist á fyrsta rekstrarári að selja svo mikið magn – auk þess sem söfnun á hráefni er ekki hafin.

Kostnaðarliðir

Áætlað er að strax á fyrsta rekstrarári verði þrír starfsmenn í fullu starfi og að meðal árslaun verði með launum og launatengdum gjöldum 8 milljónir króna. Rekstur skrifstofu er áætlaður 1 milljón á fyrsta ári vegna kaupa á búnaði o.fl. en eftir það 60 þúsund á mánuði. Markaðs- og kynningarkostnaður er áætlaður ein milljón og taki svo 2% hækkunum eftir það. Rekstur húsnæðis er áætlaður um 6 milljónir króna á ári fyrstu árin sem leigugreiðslur – en mögulegt er að greiða þurfi hærra leigu en hálfa milljón á mánuði. Þó er vonast til að hægt verði að finna húsnæði á því verði þangað til byggt verði. Eftir að byggt verður er sama tala áætluð með verðbólgebreytingum og er þá áætlað fyrir almennu viðhaldi í því. Sú tala kann einnig að vera vel yfir raunkostnaði, en talið er rétt að áætlað fyrir þessum lið.

Rafmagn er áætlað 650 þúsund á mánuði og hiti er áætlaður um 100 þúsund á mánuði. Hér er um að ræða áætlun, en rafmagnskostnaður miðast við upplýsingar um rafmagnskostnað Skógarvinnslunnar. Þar sem gert er ráð fyrir brennslu kurla og barkar til að ná í varma má telja líklegt að þessi kostnaður lækki.

Greiðslur til skógarbænda eru áætlaðar að meðaltali 4.000 kr. á rúmmeter, en þó eftir verðskrá sem enn hefur ekki verið unnin. Ekki er gert ráð fyrir að greiða fyrir efni sem fer í kurlun fyrir en það selst, en félagið leggur upp úr því að taka við efninu og geyma það fyrir skógarbændur þangað til það selst sem vonandi verður fljótlega. Þá munu bændur einnig fá greitt fyrir grisjun alls 9.000 kr./rúmmeter. Síðari upphæðin verði óháð gæðum, en sú fyrri miðast við gjaldskrá og er meðalverð. Áætlunin gerir því ráð fyrir að bændur fái að meðaltali samtals 13.000 kr. á hvern rúmmeter fyrir innlagðar afurðir.

Flutningskotnaður er áætlaður 1 milljón á mánuði og gert ráð fyrir að fyrstu árin verði þessi þjónusta alfarið keypt í verktöku. Þessi tala er áætluð og erfitt að áætla hana þar sem forsendur liggja ekki fyrir um flutningsvegalengdir, staðsetningu verksmiðju o.s.frv.

Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 4% af tekjum.

Kostnaður við kurlun í brennslu er áætlaður um 25% af tekjum og er það áætlað.

Rannsóknir og þróun

Gert er ráð fyrir að félagið á öðru rekstrarári leggi 1,5 milljónir króna í rannsóknarkostnað á ári og sömu upphæð í þróunarkostnað. Þessi tala taki svo breytingum og hækki nokkuð eftir því sem líður á starfseminu. E.t.v. væri réttara að miða við hlutfall af tekjum eða hlutfall af framlegð. En farin er þessi leið hér, enda talið afar mikilvægt að taka þátt í rannsóknar- og þróunarkostnaði nánast frá fyrstu dögum félagsins.

Söluáætlun

Söluáætlun kemur fram í rekstraráætlun hvað magntölur varðar. Lögð verður áhersla á að selja sem mest beint og milliliðalaust og þannig hámarka arð af hverju vöru. Leitað verður samstarfs um sölu á undirburði og girðingastaurum við smásala, en aðrar vörutegundir verða seldar sem

mest beint. Þá er gert ráð fyrir að stærstur hluti af framleiddum undirburði verði seldur í magnsölu til stórra rekstraraðila á Suðurlandi s.s. tamningastöðva.

Greiðslur til skógarbænda

Áætlað er að hefja greiðslur til skógarbænda strax á fyrsta ári fyrir innlagðar afurðir. Í áætluninni er reiknað með meðalverði 4.000 kr./rúmmeter en útfæra þarf greiðslurnar nánar og byggja upp hvatakerfi þar sem greitt er fyrir innlagðar afurðir eftir flokkun og gæðum. Þannig er sem dæmi ekki áætlað að greitt verði fyrir efni sem fari í kurl til stóriðju fyrr en sala á því hefst. Félagið myndi taka á sig kostnaðinn við að kurla efnið og geyma það²⁶ og á móti myndu skógareigendur bíða með greiðslu þangað til varan kemst á markað. Þegar sala hefst verði hinsvegar greitt jafnóðum fyrir innlagðar afurðir. Með því að byggja upp hvatakerfi eykst arðsemin, bæði hjá félaginu og eins hjá skógarbændum.

Kostnaðaráætlun

Sjá excelskjal í viðhengi A.

Húsnæði verður tekið á leigu til að byrja með. Kaup á vélbúnaði í upphafi er áætlaður í kringum 50.000.000 ISK og skiptist þannig:

Kaup á vélum frá Skógarvinnslunni ehf.	4.000.000 ISK ²⁷
Kaup á kurlara	25.000.000 ISK
Smíði á brennsluofni og búnaði	7.000.000 ISK ²⁸
Annar vélbúnaður	14.000.000 ISK

Í framhaldinu verður nýjum vélum bætti við skv. fjárfestingaáætlun (sjá excelskjal).

Rekstrarreikningur

Sjá excelskjal í viðauka A.

Yfirlit yfir sjóðsstreymi

Sjá excelskjal í viðauka A.

Fjárþörf

Gert er ráð fyrir að hlutafé í byrjun verði 100.000.000 ISK og m.v. rekstraráætlun verður rekstrarniðurstaðan jákvæð um tæpar 22 milljónir króna á fyrsta rekstrarári en að teknu tilliti til fjárfestinga verður handbært fé rúmar 67,5 milljónir í árslok fyrsta rekstrarárs.

Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum á fyrstu árum reksturs, en á fjórða rekstrarári þegar áætlað er að kaupa húsnæði er gert ráð fyrir skammtímaláni til eins árs upp á 21 milljón sem yrði greitt strax árið eftir. Fjárfestingar verði fjármagnaðar að öðru leyti með hlutafé sem verði aukið tvívegis á tímabilinu, annarsvegar um 60.000.000 ISK og hins vegar um 40.000.000 ISK. Á sama tíma verði fjárfest fyrir rúmar 610 milljónir króna í vélbúnaði og húsnæði. Í árslok 2030 er gert ráð fyrir að félagið eigi rúmar 165 milljónir í handbæru fé, en þá verði þegar búið að greiða út 80 milljónir í arð til hluthafa á árunum 2026-2030 og greiða skógareigendum tæplega 321 milljón króna fyrir innlagðar afurðir á árunum 2018-2030, en til viðbótar 695 milljónir

²⁶ Ekki er víst að þurfi að kurla efnið þar sem ELKEM vill helst fá heila boli og kurla sjálf.

²⁷ Fallið hefur verið frá þessum áformum.

²⁸ Talan er áætluð og þyrfti að afla tilboða til að fá rétta tölu.

króna fyrir grisjun. Eigið fé félagsins í árslok 13. rekstrarárs er áætlað um 718 milljónir króna og sem fyrr segir eru engar skuldir áætlaðar á þeim tíma.

Niðurstöður og lokaorð

Það virðist vera að skapast góður grundvöllur á Suðurlandi fyrir vinnslu skógarafurða í gegnum einkahlutafélag í eigu skógarbænda og annarra hagsmunaaðila. Áætlun sú sem hér er byggd á hefur vissulega marga fyrirvara, ekki síst þann að nýjustu gögn um viðarmagn í sunnlenskum skógum eru frá árinu 2012. Ekki liggja fyrir nýrri tölur – en það hefur þó verið ítrekað af fulltrúum Skógræktarinnar að búast megi við því að magnið sé 10-20% meira en áætlunin tilgreinir vegna meiri vaxtakraða en gert hafi verið ráð fyrir.

Tekjuhlíð áætlunarinnar byggir á spá og er varlega farið í hana heldur en hitt. Þannig er hámarkaður sá hluti sem snýr að undirburði og miðað við hámarksafköst vélasamstæðu Skógarvinnslunnar sem starfaði fram á þetta ár í Reykjavík. Reynt er að áætla hóflega hlutdeild annarra vörutegunda. Reynt er að áætla alla tekjuhlíði hóflega til að áætlunin geti verið sem raunhæfust og að frekar séu vonir fyrir auknum tekjum heldur en hitt.

Gjaldahlíð áætlunarinnar byggir að sama skapi á hóflegum útreikningum, en þó er reynt að notast við eins raunsanna mynd og hægt er. Þannig er strax gert ráð fyrir 3*100% stöðugildum frá fyrsta degi og að meðalárslaun með launatengdum gjöldum séu 8 milljónir króna á hvert stöðugildi, sem má teljast nokkuð gott.

Að sama skapi er gert ráð fyrir að greiða skógarbændum strax frá fyrstu stundu afgjald fyrir innlagðan við. Áætlunin gerir ráð fyrir meðalgreiðslu, 4.000 kr/rúmmeter, en ætlunin er að vinna þennan lið betur og setja upp verðskrá sem byggir á gæðaflokkun. Með því skapast hvati fyrir skógareigendur að flokka vörur sínar og að leggja til gott efni hverju sinni, en það styður einnig við fyrirtækið að framléiða sem mest af úrvalsvörum með hámarksarðsemi hverju sinni.

Áætlunin gerir ráð fyrir að strax á öðru rekstrarári taki fyrirtækið þátt í þróunar- og rannsóknarkostnaði og taki þannig virkan þátt í nýsköpun og í að þróa vörur á markaði innan lífhagkerfisins. Þetta er talið mikilvægt til að tryggja sem besta nýtingu hverju sinni, ekki síst til að lágmarka það hlutfall af hráefni sem þarf að selja til stóriðju eða á lægri verðum. Það má vel halda því fram að vel sé í lagt hér, en á móti má einnig segja að hver króna sem sett sé í rannsóknir- og þróun skili sér á síðari stigum margfalt í hærri afurðaverðum og auki þannig arðsemi umtalsvert. Þetta er reynsla margra fyrirtækja. Það að fyrirtæki leggi mikla áherslu á nýsköpun gerir það oft á tíðum mun ákjósanlegra fyrir fjárfesta, enda hafa þeir þá vissu að stöðnun eigi sér ekki stað og að horft sé ávallt á það markverðasta á markaðnum hverju sinni.

Í rekstraráætlun er lagt upp með að fjárfesta umtalsvert í tækjum og húsnæði, en lagt upp með að dreifa því vel niður á 13 rekstrarár. Í upphafi er lagt upp með að leigja húsnæði fyrir starfsemina, en að lagt verði í kaup eða byggingu á húsnæði á fjórða rekstrarári og aftur bætt við á áttunda rekstrarári. Vissulega verður hér að taka mið af aðstæðum, markaði og vexti fyrirtækisins – enda einungis áætlun. En þetta þykja þó hófleg og raunhæf markmið.

Gert er ráð fyrir 10% greiðslu arðs af hlutafé frá og með 2026 en það verði svo hækkað í 20% síðar á tímabilinu og að arðgreiðslur nemi samtals 80 milljónum króna. Heildarhlutafé í lok tímabils er áætlað 200 milljónir króna. Þetta þýðir að búið verður að greiða hluthöfum 40% af því sem þeir hafa lagt í félagið til baka í formi arðs á þessum 13 árum sem verður að teljast mjög gott og verðugt markmið.

Öll rekstrarárin er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu fyrir fjárfestingaliði. Þessi niðurstaða byggir að mestu á því að ávallt er gætt hófs við alla áætlunargerð og gætt að því að tekjur verði að standa undir rekstrinum. Með þessu mun félagið ekki þurfa að ráðast í neinar langtímalántökur fyrstu 13 árin, en aðal forsendan fyrir því er sú að það takist að safna nægu hlutafé í byrjun.

M.v. þær forsendur sem áætlunin gerir ráð fyrir er það niðurstaða skýrsluhöfundar að arðbært sé að hefja rekstur strax á árinu 2018. Til að það gangi þurfa margar forsendur að ganga upp, ekki síst að nægilega margir skógareigendur komi inn í félagið og geri samninga við það um afsetningu hráefnis.

Nauðsynlegt er að tryggja nógu marga hluthafa á fyrsta ári og að finna húsnæði sem hentar starfsemi. Þá er gert ráð fyrir að vélbúnaður Skógarvinnslunnar sé fyrir hendi, en þegar skýrslan er rituð er ekki vitað hvort hann sé enn tiltækur.

Í samtölum verkefnisstjóra við skógareigendur er ljóst að mikill áhugi er á því að koma starfsemi úr vör og bjartsýni gætir um árangur.

Úrvinnsla skógarafurða á Íslandi á sér ekki djúpar rætur og er hugtakið nokkuð nýtt á nálinni. Þegar skýrsluhöfundur hefur rætt um verkefnið við þá sem orðið hafa á vegi hans þarf fólk gjarnan nánari skýringar við til að átta sig á því um hvað verkefnið snýst og flestir verða hissa á því að kominn sé sá tímunktur að hægt sé að fara að hafa tekjur af skógrækt. En um leið finnst fólki það almennt frábært og fagnar því að við Íslendingar aukum með því sjálfbærni okkar og er almennt mjög jákvætt í garð þess að nýta betur innlandan við með fjölbreyttum hætti.

Verkefnið hefur verið ánægjulegt, skýrsluhöfundur hefur kynnst fjölda fólks sem gaman hefur verið að ræða við og kynnast störfum þess. Þá hefur skýrsluhöfundur alls staðar verið vel tekið. Skógareigendur hafa verið boðnir og búnir að aðstoða, útskýra og kynna störf sín og aðrir sem leitað hefur verið til hafa upp til hópa brugðist mjög hratt og vel við.

Í lokin er ástæða til að þakka sérstaklega samstarfið Hrönn Guðmundsdóttur hjá Landsamtökum skógareigenda, samstarfið við Björn Bjarndal Jónsson, Arnór Snorrason, Björn Traustason og Hall Björgvinsson hjá Skógræktinni, samstarfið við Böðvar Guðmundsson hjá Skógræktarfélagi Árnesinga og síðast en ekki síst samstarfið við Þórð Frey Sigurðsson og Hrafnel Guðnason hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, sem styrktu verkefni þetta í gegnum áhersluverkefni sóknaráætlunar SASS um 6 milljónir króna.

Hellu á Rangárvöllum,
23. nóvember 2017,

Ingvar P. Guðbjörnsson
verkefnisstjóri